

Nd.

327. Frumvarp

til laga um samþykktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykkt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþykktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það

stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþykktar, er eigi hefir náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný i sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma i bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, sem hún nær yfir.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

I samþykkt skal ávalt vera ákvæði um, hvernig eftirlitinu úr landi skuli stjórnað og yfir hvert svæði það skuli taka. Þar er og heimilt að ákveða, að greiða skuli yfir vertið hverja alt að tveggja króna gjald af hverjum hlut á opnum skipum og mótorbátum á því svæði, er samþykkt nær yfir, til að standast kostnað af eftirlitinu.

6. gr.

Gjald það, er ræðir um i 5. gr., greiðist af óskiftum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu i samþykktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins og reikningaskil, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir i lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám, án undanfarins dóms eða sáttar.